

Nd.

247. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

1. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
Á eftir 13. gr. laga nr. 22 1919 komi nýr liður, 4. liður, svo hljóðandi:
Þó má dómsmálaráðherra veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til þess að þreyta prófraun samkv. 3. lið gr., ef hann hefir, að áliti lagadeildar háskólans, sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Greinatalan breytist samkv. þessu.